

FW: Styrkbeiðni vegna Verðlaunahátíðar barnanna

Til : Hjördís Práinsdóttir
Frá : Þórdís Sif Sigurðardóttir
CC : Gísli Halldór Halldórsson
Heiti : FW: Styrkbeiðni vegna Verðlaunahátíðar barnanna
Málsnúmer : 2018030087
Málsaðili : Sögur - samtök um barnamenningu
Skráð dags : 19.03.2018 14:19:36
Höfundur : Þórdís Sif Sigurðardóttir

Viðhengi [ATT00002.htm](#)[ATT00002.htm](#)
[verdlaunahatid_barna.pdf](#)[verdlaunahatid_barna.pdf](#)
[ATT00001.htm](#)[ATT00001.htm](#)
[endurgjald_ruv_sogur18.docx](#)[endurgjald_ruv_sogur18.docx](#)

From: Margrét Tryggvadóttir [mailto:margret@myndlist.is]
Sent: mánudagur, 19. mars 2018 14:00
To: Margrét Tryggvadóttir
Cc: Hólmfríður Ólöf Ólafsdóttir
Subject: Styrkbeiðni vegna Verðlaunahátíðar barnanna

B.t. bæjar- eða sveitarstjórar og bæjarráðs.

Ágætu sveitarstjórnarmenn,

Við höfum samband fyrir hönd hins nýstofnaða félags, Sagna - samtaka um barnamenningu, til að bjóða sveitarfélögum þátttöku í Verðlaunahátíð barna sem er hápunktur lestrarhvetjandi verkefnis á landsvísu sem hefur verið í gangi í vetur. Að félaginu og hátíðinni standa ýmis samtök og stofnanir sem hafa tekið höndum saman um að efla læsi, lestur og áhuga barna á ritun og bókmenningu. Verðlaunahátíð barnanna fer fram í Eldborgarsal Hörpu og verður í beinni útsendingu á RÚV þann 22. apríl kl: 19.45 n.k.

Í vetur hefur KrakkaRÚV framleitt og sent út mikið efni til lestrarhvatningar, svo sem barnabókaumfjallanir, viðtöl við höfunda og unga lesendur, kennsluefni í skapandi skrifum og efnt til samkeppna í ritun smásagna, leikrita og stuttmyndagerðar. Verkefnið má skoða nánar á <http://krakkaruv.is/sogur/forsida>. Markmið verkefnisins í heild er að auka lestur barna og áhuga þeirra á bókum, auka menningarläsi, hvetja börn til sköpunar og styðja við íslenska barnamenningu. Efnið er allt aðgengilegt á vef KrakkaRÚV og hefur óspart verið notað í skólum landsins, samhliða öðrum lestrarhvetjandi verkefnum. Verkefnið hefur því verið unnið á landsvísu og gagnast börnum og fjölskyldum þeirra á öllu landinu þótt Reykjavíkurborg sé eina sveitarfélagið sem hefur formlega komið að því að svo stöddu. Því viljum við breyta og því óskum við eftir styrk til verkefnisins frá sveitarfélaginu vegna verðlaunahátíðarinnar.

Viðburðurinn er unninn að fyrirmynd Kid's Choice Award barnasjónvarpsstöðvarinnar Nickelodeon (sjá nánar <http://kca.nick.tv>), sambærilegra viðburða á Norðurlöndunum og íslenskra verðlaunahátíða á borð við Grímuna, Íslensku tónlistarverðlaunin og Edduna. Viðburðurinn verður hinn glæsilegasti og mun t.d. forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson afhenda Sögusteinin, heiðursverðlaun til barnabókahöfundar.

Sveitafélög sem styrkja hátíðina um 100.000 krónur geta orðið samstarfsaðilar og þátttakendur í verðlaunahátíðinni. Með því að styrkja hátíðina um 300.000 krónur geta gengið inn í ákveðinn kynningarpakka (sjá fylgiskjal).

Að Sögum, verðlaunahátíð barnanna standa; Menntamálastofnun - Þjóðarsáttmáli um læsi, SÍUNG - Samtök barna- og unglingabókahöfunda, KrakkaRÚV, Reykjavík - Bókmenntaborg UNESCO, Borgarbókasafnið og fleiri bókasöfn, IBBY á Íslandi, Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri, Miðja máls og læsis, Borgarleikhúsið og Barnamenningarhátíð í Reykjavík.

Sögulegar kveðjur, f.h. Sagna, samtaka um barnamenningu

Hólmfríður Ólafsdóttir
Verkefnastjóri Verðlaunahátíðar barnanna
S: 8681851

Margrét Tryggvadóttir

S: 698 6494